

Gjaldskrár fasteignagjalda í Snæfellsbæ 2022

Álagning fasteignagjalda byggir á fasteignamati húsa og lóða í Snæfellsbæ, sem tekur meðal annars mið af stærð þeirra, notkun og lóðarhlutastærð. **Álagningarstofninn er fenginn frá Þjóðskrá Íslands 31. desember ár hvert auk þess sem fasteignaskattur leggst á nýjar lóðir og ný mannvirki í hlutfalli við ársálagningu frá næstu mánaðarmótum eftir að þau eru skráð og metin í Fasteignaskrá.** Fasteignaskattur fellur niður næstu mánaðarmót eftir að mannvirki er afskráð í Þjóðskrá Íslands. Byggingarfulltrúi sendir Þjóðskrá Íslands upplýsingar og gögn um nýbyggingar, viðbyggingar, eldri byggingar sem er breytt, hús sem eru rifin og aðrar viðeigandi upplýsingar. Eigendaskráning húsa og lóða er í höndum Sýslumannsins á Vesturlandi og er hún í samræmi við þinglýst skjöl/gögn. Allar þessar upplýsingar eru notaðar við álagningu fasteignagjalda, leiðréttingar, reikningagerð og innheimtu sem fer fram hjá Snæfellsbæ

Fasteignagjöld íbúðarhúsnæðis: A-skattflokkur

| | | |
|--|----------|---------------------|
| Fasteignaskattur – A-flokkur | 0,44% | af fasteignamati |
| Lóðarleiga – A-flokkur | 1,80% | af lóðarmati |
| Vatnsgjald – A-flokkur | 0,30% | af fasteignamati |
| Fráveitugjald – A-flokkur | 0,15% | af fasteignamati |
| Sorphirðu- og sorpeyðingargjald á íbúðir | 39.760.- | á tunnu (3% hækkun) |
| Sorpeyðingar- og gámagjald á sumarhús | 15.245.- | á tunnu (3% hækkun) |

Fasteignagjöld á annað húsnæði: B- og C-skattflokkur

| | | |
|---------------------------------|-------|------------------|
| Fasteignaskattur – B-flokkur | 1,32% | af fasteignamati |
| Fasteignaskattur – C-flokkur | 1,55% | af fasteignamati |
| Lóðarleiga – B- og C-flokkur | 2,50% | af lóðarmati |
| Vatnsgjald – B- og C-flokkur | 0,45% | af fasteignamati |
| Fráveitugjald – B- og C-flokkur | 0,20% | af fasteignamati |

Í **A-flokki** eru íbúðir, íbúðarhús, sumarhús, útihús og mannvirki á bújörðum tengd landbúnaði.

Í **B-flokki** eru opinberar byggingar. Í **C-flokki** eru allar aðrar byggingar.

Aukavatnsskattur fer úr 27 krónum í 28 per rúmmeter. Það er hækkun um 3% milli ára.

Veittur er afsláttur af **fasteignaskatti** til þeirra elli- og örorkulífeyrisþega sem búa í eigin íbúð. Miðast afslátturinn við eftirfarandi tekjumörk liðins árs og er hámarksafsláttur kr. 118.000.-

ATH: afsláttur og tekjumörk hækka miðað við hækkun á launavísitölu.

100% lækkun

Einstaklingar með heildarárstekjur allt að 4.640.000 krónur

Hjón með heildarárstekjur allt að 7.225.000 krónur

75% lækkun:

Einstaklingar með heildarárstekjur á bilinu 4.640.001 - 5.125.000 krónur

Hjón með heildarárstekjur á bilinu 7.225.001 - 7.710.000 krónur

50% lækkun:

Einstaklingar með heildarárstekjur á bilinu 5.125.001 - 5.555.000 krónur

Hjón með heildarárstekjur á bilinu 7.710.001 - 8.145.000 krónur

25% lækkun:

Einstaklingar með heildarárstekjur á bilinu 5.555.001 - 6.040.000 krónur

Hjón með heildarárstekjur á bilinu 8.145.001 - 8.630.000 krónur

Við álagningu fasteignagjalda er afslátturinn reiknaður út frá álagningu 2021 vegna skatttekna ársins 2020, þ.e. samtalan af stofni til útreknings tekjuskatts og útsvars (reitur 2.7) og fjármagnstekjum samtals(reitur 3.10.)

Gjalddagar fasteignagjalda eru 8: 1. febrúar og síðan 1. hvers mánaðar (mars – september)

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga ef ekki er greitt fyrir eindaga.

Veittur er 3% staðgreiðsluafsláttur ef gjöldin eru greidd í heild sinni fyrir 15. mars 2022.

Hægt er að ganga frá staðgreiðslu með því að draga 3% frá heildarálagningu gjaldanna og leggja inn á banka: 0190-26-4240, kt.: 510694-2449.